Ríkissaksóknari

# Ársskýrsla 2024

# Efnisyfirlit

1. Um verkefni ríkissaksóknara ................................ 3
2. Tölulegar upplýsingar ............................................ 7
   - 2.1. Fjöldi mála og afdrif þeirra ............................... 8
   - 2.2. Ákærðir ............................................................ 16
   - 2.3. Gæsluvarðhald .................................................. 17
   - 2.4. Kærðar ákvarðanir lögreglustjóra .................. 17
   - 2.5. Kærur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga ........... 19
   - 2.6. Áfrýjunarmál til Landsréttar ............................ 19
   - 2.7. Sektarboð og sektargerðir ............................... 20
   - 2.8. Erlent samstarf ................................................. 21

# 1. kafli

## *Um verkefni ríkissaksóknara*

# 1. Ársskýrsla ríkissaksóknara 2024

### Eftirlits-, kæru- og samræmingarhlutverk ríkissaksóknara

Í árslok störfuðu við embætti ríkissaksóknara 13 ákærendur; einn aðstoðarsaksóknari, tíu saksóknarar, vararíkissaksóknari og ríkissaksóknari. Aðrir starfsmenn embættisins um áramót voru skrifstofustjóri, skjalastjóri, ritari sakaskrár og almennur ritari.

Stærstu einstöku málaflokkar við embætti ríkissaksóknara eru meðferð mála/málflutningur á áfrýjunarstigi fyrir Landsrétti og Hæstarétti og afgreiðsla kærumála vegna ákvarðana lögreglustjóra og héraðssaksóknara um að vísa kæru frá, hætta rannsókn, fella mál niður eða falla frá saksókn.

Ríkissaksóknari gefur út almennar reglur og fyrirmæli um meðferð ákæruvalds til allra ákærenda. Á árinu voru gefin út tvenn ný fyrirmæli. Annars vegar um mál sem ljúka má með lögreglustjórasekt og hins vegar um nálgunarbann og brottvísun af heimili.

Ríkissaksóknari hefur eftirlit með framkvæmd ákæruvalds hjá ákærendum á lægra stigi, þ.e. héraðssaksóknara og níu lögreglustjórum. Eftirlitið felst m.a. í yfirlestri yfir alla uppkveðna héraðsdóma, viðurlagaákvarðanir og lögreglustjórasektir, meðferð kærumála vegna ákvarðana lögreglustjóra og héraðssaksóknara og fundum með lögreglustjórum og héraðssaksóknara þar sem m.a. er farið yfir málsmeðferð, málshraða og fyrirmæli ríkissaksóknara. Á árinu 2024 bárust embættinu 1537 héraðsdómar til yfirlestrar.

Ríkissaksóknari tekur afstöðu til kæru vegna ákvarðana héraðssaksóknara og lögreglustjóra um að vísa kæru frá, hætta rannsókn, fella mál niður eða falla frá saksókn, sbr. 52. gr., 145. gr., 146. gr. og 147. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Við meðferð kærumála gefst oft tilefni til að benda lögreglustjórum og héraðssaksóknara á atriði sem betur mega fara í málsmeðferð einstakra mála og/eða að beina tilmælum til þeirra um málsmeðferð almennt. Ríkissaksóknara ber að taka afstöðu til kæru innan þriggja mánaða frá því að kæran barst embættinu til meðferðar.

Á árinu 2024 bárust embættinu 282 kærumál til meðferðar og var tekin afstaða til þeirra allra innan þriggja mánaða.

Nánar er fjallað um meðferð kærumála í kafla 2.4.

### Málsmeðferð sakamála á áfrýjunarstigi

Dómum Landsréttar verður einungis áfrýjað til Hæstaréttar Íslands að fengnu leyfi réttarins til áfrýjunar. Ríkissaksóknari veitti umsagnir um 33 beiðnir dómfelldu um að áfrýja málum sínum til Hæstaréttar á árinu 2024. Voru sjö þeirra samþykktar, þar af var um kynferðisbrot að ræða í sex málum en eitt málið varðaði fjársvik og peningaþvætti. Ríkissaksóknari óskaði eftir áfrýjunarleyfi í tveimur málum og voru báðar beiðnirnar samþykktar. Annars vegar var um að ræða manndrápsmál þar sem sýknað var af refsikröfu ákæruvaldsins á þeim grundvelli að miða yrði við að ákærði hefði verið svo skelfdur eða forviða er hnífur stakkst í síðu brotaþola í tvígang, með þeim afleiðingum að brotaþoli lést, að ákærði hefði ekki getað fullkomlega gætt sín, sbr. 2. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í hinu málinu var ákærðu ekki gert að sæta sviptingu ökuréttar, auk þess að vera gerð of lág sekt, fyrir að aka undir áhrifum slævandi lyfja sem gerðu hana óhæfa til að aka bifreið örugglega.

Ríkissaksóknari og saksóknarar við embættið flytja þau sakamál sem koma til meðferðar fyrir Hæstarétti.

Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um hvort héraðsdómum er áfrýjað af ákæruvaldsins hálfu til Landsréttar. Í sumum tilvikum þarf leyfi Landsréttar til að áfrýja sakamáli til Landsréttar, sbr. 1. mgr. 198. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Ríkissaksóknari veitir umsögn um áfrýjunarbeiðnir dómfelldu til Landsréttar, sem voru sjö á árinu 2024. Var þremur beiðnum hafnað og fjórar samþykktar. Ríkissaksóknari óskaði eftir áfrýjunarleyfi í tveimur málum til Landsréttar og voru báðar beiðnirnar samþykktar. Málin vörðuðu umferðarlagabrot og barnaverndarlagabrot.

Saksóknarar við embætti ríkissaksóknara flytja fyrir Landsrétti öll sakamál sem þangað er áfrýjað.

Á árinu 2024 voru gefnar út 119 áfrýjunarstefnur í jafn mörgum málum sem áfrýjað var til Landsréttar. Nánar er fjallað um mál sem áfrýjað var til Landsréttar í kafla 2.6.

### Endurupptaka dæmdra sakamála

Ríkissaksóknari veitir umsögn um beiðni dómfellda um endurupptöku dæmds sakamáls. Á árinu 2024 veitti ríkissaksóknari umsagnir um tvær beiðnir dómfelldra um endurupptöku. Endurupptökudómur samþykkti báðar beiðnirnar. Einnig getur ríkissaksóknari haft frumkvæði að endurupptöku sakamála til hagsbóta fyrir

dómfellda og var það gert í einu máli. Úrskurði Endurupptökudóms er að finna á vefsíðu dómstólsins https://endurupptokudomur.is/urskurdir/

### Eftirlit ríkissaksóknara með hlustunum lögreglu

Með lögum nr. 103/2016, sem tóku gildi 1. janúar 2017, var ríkissaksóknara fengið stærra eftirlitshlutverk en áður þegar kemur að hlustunum lögreglu. Um eftirlit ríkissaksóknara er fjallað í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 103/2016, sbr. nú 3. mgr. 85. gr. laga um meðferð sakamála, en þar segir:

„Ríkissaksóknari hefur eftirlit með því að gögnum sé eytt og að tilkynnt sé um lok aðgerðar skv. 1. og 2. mgr. Setur hann reglur um hvernig eftirlitinu skuli háttað og skal þar m.a. koma fram hvernig tryggt verði að unnt sé að upplýsa eftir á hver eða hverjir hafi haft aðgang að upplýsingum sem aflað hefur verið með aðgerð skv. 80.–82. gr. Ríkissaksóknari skal árlega gefa út skýrslu um framkvæmd eftirlitsins og beitingu aðgerða skv. 80.–82. gr.“

Í kjölfar lagabreytinganna gaf ríkissaksóknari út ný fyrirmæli um eftirlit með símahlustunum og skyldum úrræðum nr. 12/2017 sem send voru öllum lögreglustjórum og öðrum ákærendum 6. mars 2017 og birt á vef ríkissaksóknara. Skýrsla ríkissaksóknara um eftirlit með símahlustunum og skyldum úrræðum vegna ársins 2024 er birt á vefsíðu embættisins.

### Sérstakar rannsóknaraðferðir og aðgerðir lögreglu við rannsókn sakamála, sbr. reglur innanríkisráðherra nr. 516/2011

Samkvæmt bréfi ríkissaksóknara, dags. 9. maí 2014, ber ríkislögreglustjóra, lögreglustjórum og héraðssaksóknara að senda ríkissaksóknara yfirlitsskýrslu tvisvar á ári um beitingu aðgerða og aðferða sem tilteknar eru í reglum nr. 516/2011.

### Menntun og þjálfun starfsmanna ákæruvaldsins

Ríkissaksóknari stóð fyrir námskeiði um skipulagaða glæpastarfsemi í apríl. Fyrirlesarar á námskeiðinu voru þrír reyndir saksóknarar frá Danmörku. Á námskeiðinu var fjallað um þróun og starfsemi skipulagðra glæpasamtaka í Danmörku, löggjöf sem sett hefur verið þar í landi til höfuðs þessum samtökum og aðgerðir lögreglu og ákæruvalds gegn glæpahópum almennt. Þá fjölluðu saksóknararnir um reynslu sína af meðferð sakamála fyrir dómi vegna skipulagðrar glæpastarfsemi í Danmörku.

Námskeið ÖSE (OSCE) fyrir ákærendur um hatursglæpi var haldið í maí í samvinnu við ríkissaksóknara.

Í nóvember 2024 var ríkissaksóknari með grunnnámskeið fyrir nýja ákærendur. Um er að ræða þriggja daga námskeið þar sem m.a. er fjallað um hlutverk og skipulag ákæruvaldsins, siðareglur fyrir ákærendur, ákvarðanir um að vísa kæru frá, hætta rannsókn eða fella sakamál niður, form og efni ákæru, meðferð sakamála fyrir dómi og samskipti ákærenda við fjölmiðla almennt og vegna reksturs sakamála.

### Alþjóðleg samskipti og samvinna á sviði ákæruvalds

Ríkissaksóknari sinnir réttarbeiðnum frá erlendum yfirvöldum og málum vegna beiðna um framsal erlendra ríkisborgara skv. lögum nr. 13/1984 um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum. Embættið sinnir jafnframt beiðnum um afhendingu íslenskra og erlendra ríkisborgara á grundvelli evrópsku- og norrænu handtökuskipunarinnar skv. lögum nr. 51/2016 um handtöku og afhendingu manna til og frá Íslandi vegna refsiverðra verknaða á grundvelli handtökuskipunar. Á árinu 2024 bárust embættinu 143 framsals-, afhendingar- og réttarbeiðnir.

Ríkissaksóknari á fulltrúa í sendinefnd Íslands hjá GRECO, sem eru samtök ríkja innan Evrópuráðsins gegn spillingu. Ríkissaksóknari á einnig sæti í CCPE, sem er nefnd háttsettra saksóknara á vegum Evrópuráðsins.

Þann 12. apríl 2024 hóf Kolbrún Benediktsdóttir saksóknari hjá embættinu störf sem fyrsti sendisaksóknari Íslands hjá Eurojust – Evrópsku réttaraðstoðinni í Haag, Hollandi, til næstu þriggja ára. Með því var stigið mikilvægt skref í átt að aukinni samvinnu í sakamálum á milli Íslands og aðildarríkja Evrópusambandsins.

Þar að auki tekur ríkissaksóknari þátt í norrænu samstarfi á vettvangi Nordic Judicial Network (NJN), í tengslum við evrópsku- og norrænu handtökuskipunina, meðferð réttarbeiðna og önnur viðfangsefni á sviði alþjóðlegrar réttaraðstoðar. Ákærendur embættisins sækja árlega fundi NJN og þetta árið var fundurinn haldinn hér á landi 2.-3. maí í húsakynnum ríkissaksóknara.

Árlegur fundur ríkissaksóknara Norðurlandanna var haldinn í Visby á Gotlandi 10.-12. júní . Á fundinum var m.a. fjallað um beitingu gæsluvarðhalds, hlutleysisstefnu innan ákæruvaldsins á Norðurlöndunum og meðferð mála þegar erlendir NATO-hermenn fremja brot í einhverju Norðurlandanna.

### Mál í forgangi: Nauðgunarmál, kynferðisofbeldi gegn börnum og ofbeldi í nánum samböndum

Í fyrirmælum ríkissaksóknara nr. 4/2017 er því beint til allra lögreglustjóra og héraðssaksóknara að hraða málum þar sem sakarefni tekur til líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis. Í sérstökum forgangi skulu þó vera

nauðgunarmál og mál sem varða ofbeldi gagnvart börnum og ofbeldi í nánum samböndum, sem og mál þar sem gerendur eru yngri en 18 ára. 1. janúar og 30. júní ár hvert skulu héraðssaksóknari og lögreglustjórar senda ríkissaksóknara lista yfir stöðu mála og málsmeðferðartíma vegna rannsóknar og ákærumeðferðar í nauðgunarmálum (194. gr. alm. hgl.), alvarlegum kynferðisbrotum gegn börnum (1. mgr. 200. gr., 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr. alm. hgl.) og í málum sem varða ofbeldi í nánum samböndum (218. gr. b. alm. hgl.). Héraðssaksóknari og lögreglustjórar skulu eigi sjaldnar en árlega setja sér markmið um meðferð sakamála, bæði um vönduð og markviss vinnubrögð við rannsóknir einstakra mála og ekki síður um málshraða.

# 2. kafli

## Tölulegar upplýsingar

## 2.1. Fjöldi mála og afdrif þeirra

Hér gefur að líta fjölda brota sem afgreidd voru af ákæruvaldinu á árinu 2023, greind eftir brotaflokkum. Vakin er athygli á að um er að ræða afgreidd brot, ekki fjölda kæra. Brotin geta hafa verið kærð til lögreglu fyrir 2022 og þá geta brot sem kærð voru 2021 enn verið óafgreidd af ákæruvaldinu. Fyrsta taflan geymir upplýsingar um heildarfjölda afgreiddra brota í málum á landinu öllu. Á eftir fylgja töflur með tölum um afgreidd brot í málum hjá hverju embætti. Undanskilin eru mál sem afgreidd voru með lögreglustjórasáttum og mál sem vísað var frá eða rannsókn hætt í. Næst koma töflur um samanburð á milli ára að því er varðar heildarfjölda afgreiddra brota og brot afgreidd hjá einstökum embættum. Áréttað er að tölurnar vitna um fjölda brota en í hverju máli geta verið fleiri en eitt brot.

**Skýringar með töflum:**

Niðurfelld mál: Mál er fellt niður þegar ákærandi telur að það sem komið hefur fram við rannsókn sé ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis í dómsmáli á hendur sakborningi, sbr. 145. gr. laga um meðferð sakamála.

Fallið frá saksókn: Þótt ákærandi telji að það sem fram hefur komið við rannsókn sé nægilegt til sakfellis í dómsmáli á hendur sakborningi, hefur hann vissa heimild samkvæmt 146. gr. laga um meðferð sakamála til að láta við svo búið standa og falla frá saksókn.

Ákærufrestun: Þegar aðili hefur játað brot sitt er ákæranda heimilt, samkvæmt 56. gr. almennra hegningarlaga, að fresta um tiltekinn tíma útgáfu ákæru. Á þetta einkum við um brot sem ungmenni á aldrinum 15-21 árs hafa framið.

**Öll mál**

| Allt landið | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Landráð | 27 | 17 | 100 | 0 | 0 | 10 | 100 | 0 | 0 |
| Brot gegn valdstjórninni | 116 | 55 | 47% | 23 | 20% | 35 | 30% | 3 | 3% |
| Brot á almannafriði og allsherjarreglu | 2 | 0 | 0% | 0 | 0% | 2 | 100% | 0 | 0% |
| Brot í opinberu starfi | 16 | 6 | 38% | 0 | 0% | 10 | 63% | 0 | 0% |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 19 | 9 | 47% | 1 | 5% | 9 | 47% | 0 | 0% |
| Peningafals og önnur brot er varða gjaldmiðil | 1 | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 79 | 66 | 84% | 0 | 0% | 13 | 16% | 0 | 0% |
| Brot, sem hafa í för með sér almannahættu | 119 | 101 | 85% | 0 | 0% | 18 | 15% | 0 | 0% |
| Sifskaparbrot | 7 | 0 | 0% | 0 | 0% | 7 | 100% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 367 | 149 | 41% | 9 | 2% | 194 | 53% | 15 | 4% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 542 | 330 | 61% | 38 | 7% | 160 | 30% | 13 | 2% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 17 | 9 | 53% | 0 | 0% | 8 | 47% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 155 | 115 | 74% | 7 | 5% | 31 | 20% | 2 | 1% |
| Auðgunarbrot | 1023 | 642 | 63% | 306 | 30% | 68 | 7% | 7 | 1% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 325 | 244 | 75% | 6 | 2% | 74 | 23% | 1 | 0% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Skattalög | 51 | 43 | 84% | 0 | 0% | 8 | 16% | 0 | 0% |
| Tollalög | 22 | 14 | 64% | 1 | 5% | 7 | 32% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 578 | 526 | 91% | 14 | 2% | 37 | 6% | 1 | 0% |
| Vopnalög | 135 | 112 | 83% | 4 | 3% | 19 | 14% | 0 | 0% |
| Lög um fiskveiðar | 10 | 6 | 60% | 0 | 0% | 4 | 40% | 0 | 0% |
| Lög um siglingar og útgerð | 15 | 9 | 60% | 1 | 7% | 5 | 33% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 14 | 10 | 71% | 1 | 7% | 3 | 21% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 1292 | 1208 | 93% | 8 | 1% | 75 | 6% | 1 | 0% |
| Ölvunarakstur 49. gr. umfl. | 323 | 302 | 93% | 0 | 0% | 21 | 7% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur 50. gr. umfl. | 673 | 618 | 92% | 1 | 0% | 54 | 8% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur 2. mgr. 48. gr. umfl. | 108 | 106 | 98% | 0 | 0% | 2 | 2% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 265 | 175 | 66% | 15 | 6% | 73 | 28% | 2 | 1% |
| ALLS | 6301 | 4872 | 77% | 436 | 7% | 947 | 15% | 45 | 1% |

## Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Brot gegn valdstjórninni | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 4 | 4 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 17 | 16 | 94% | 0 | 0% | 1 | 6% | 0 | 0% |
| Brot, sem hafa í för með sér almannahættu | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 4 | 2 | 50% | 0 | 0% | 2 | 50% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 136 | 82 | 60% | 12 | 9% | 34 | 25% | 7 | 5% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 3 | 0 | 0% | 0 | 0% | 3 | 100% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 32 | 24 | 75% | 5 | 16% | 3 | 9% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 803 | 531 | 66% | 259 | 32% | 8 | 1% | 5 | 1% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 102 | 95 | 93% | 2 | 2% | 4 | 4% | 1 | 1% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 110 | 88 | 80% | 4 | 4% | 18 | 16% | 0 | 0% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Tollalög | 5 | 4 | 80% | 0 | 0% | 1 | 20% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 302 | 295 | 98% | 7 | 2% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 65 | 59 | 91% | 3 | 5% | 3 | 5% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunar - lyfja og fíkniefnaakstur | 764 | 761 | 100% | 0 | 0% | 2 | 0% | 1 | 0% |
| Ölvunarakstur 49. gr. umfl. | 168 | 168 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur 50. gr. umfl. | 433 | 433 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur 2. mgr. 48. gr. umfl. | 95 | 95 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 75 | 68 | 91% | 5 | 7% | 2 | 3% | 0 | 0% |
| ALLS | 3013 | 2642 | 87,7 | 293 | 9,7 | 63 | 2,1 | 14 | 0,5 |

## Lögreglustjórinn á Vesturlandi

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 2 | 1 | 50% | 0 | 0% | 1 | 50% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 11 | 10 | 91% | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 9% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 15 | 15 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 9 | 6 | 67% | 2 | 22% | 1 | 11% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Tollalög | 2 | 0 | 0% | 0 | 0% | 2 | 100% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 15 | 15 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um siglingar og útgerð | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunar-lyfja-og fíkniefnaakstur | 71 | 70 | 99% | 0 | 0% | 1 | 1% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur 49. gr. umfl. | 24 | 22 | 92% | 0 | 0% | 2 | 8% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur 50. gr. umfl. | 26 | 26 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur 2. mgr. 48. gr. umfl. | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 10 | 4 | 40% | 3 | 30% | 3 | 30% | 0 | 0% |
| ALLS | 199 | 183 | 92,0 | 5 | 2,5 | 10 | 5,0 | 1 | 0,5 |

## Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ALMENN HEGNINGARLÖG** | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 10 | 7 | 70% | 2 | 20% | 1 | 10% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 2 | 1 | 50% | 0 | 0% | 1 | 50% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 3 | 0 | 0% | 0 | 0% | 3 | 100% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 4 | 0 | 0% | 0 | 0% | 4 | 100% | 0 | 0% |
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 2 | 1 | 50% | 0 | 0% | 1 | 50% | 0 | 0% |
| Lög um siglingar og útgerð | 7 | 7 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunar- lyfja- og fíkniefnaakstur | 13 | 9 | 69% | 0 | 0% | 4 | 31% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur 49. gr. umfl. | 2 | 0 | 0% | 0 | 0% | 2 | 100% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur 50. gr. umfl. | 7 | 3 | 43% | 0 | 0% | 4 | 57% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 3 | 1 | 33% | 0 | 0% | 2 | 67% | 0 | 0% |
| ALLS | 54 | 30 | 55,6 | 2 | 3,7 | 22 | 40,7 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ALMENN HEGNINGARLÖG** | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 2 | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 2 | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 3 | 0 | 0% | 1 | 33% | 0 | 0% | 2 | 67% |
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 6 | 6 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um fiskveiðar | 4 | 4 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 49 | 48 | 98% | 0 | 0% | 1 | 2% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur 49. gr. umfl. | 7 | 7 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 7 | 4 | 57% | 1 | 14% | 2 | 29% | 0 | 0% |
| ALLS | 81 | 74 | 91,4 | 2 | 2,5 | 3 | 3,7 | 2 | 2,5 |

## Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ALMENN HEGNINGARLÖG** | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 6 | 6 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 49 | 37 | 76% | 5 | 10% | 4 | 8% | 3 | 6% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 29 | 29 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 71 | 57 | 80% | 11 | 15% | 1 | 1% | 2 | 3% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 68 | 66 | 97% | 1 | 1% | 1 | 1% | 0 | 0% |
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 76 | 60 | 79% | 7 | 9% | 9 | 12% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 23 | 21 | 91% | 1 | 4% | 1 | 4% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 4 | 3 | 75% | | 0% | 1 | 25% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 123 | 98 | 80% | 6 | 5% | 19 | 15% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur 49. gr. umfl. | 29 | 27 | 93% | | 0% | 2 | 7% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur 50. gr. umfl. | 39 | 29 | 74% | 0 | 0% | 10 | 26% | 0 | 0% |

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lyfjaakstur 2. mgr. 48. gr. umfl. | 7 | 6 | 86% | 0 | 0% | 1 | 14% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 31 | 16 | 52% | 1 | 3% | 14 | 45% | 0 | 0% |
| ALLS | 557 | 456 | 81,9 | 32 | 5,7 | 64 | 11,5 | 5 | 0,9 |

## Lögreglustjórinn á Austurlandi

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 7 | 4 | 57% | 3 | 43% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 1 | | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 2 | | 0% | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 4 | 4 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um fiskveiðar | 2 | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 6 | 5 | 83% | 0 | 0% | 1 | 17% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur 49. gr. umfl. | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur 50. gr. umfl. | 5 | 5 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 3 | 2 | 67% | 1 | 33% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| ALLS | 33 | 24 | 72,7 | 6 | 18,2 | 3 | 9,1 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 18 | 4 | 22% | 6 | 33% | 8 | 44% | 0 | 0% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 3 | 0 | 0% | 1 | 33% | 2 | 67% | | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 8 | 2 | 25% | | 0% | 6 | 75% | 0 | 0% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Tollalög | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 4 | 3 | 75% | 0 | 0% | 1 | 25% | 0 | 0% |
| Lög um siglingar og útgerð | 2 | 0 | 0% | 0 | 0% | 2 | 100% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur 49. gr. umfl. | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur 50. gr. umfl. | 2 | 1 | 50% | 0 | 0% | 1 | 50% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| ALLS | 46 | 16 | 34,8 | 7 | 15,2 | 23 | 50,0 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Suðurlandi

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 5 | 4 | 80% | 0 | 0% | 1 | 20% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 7 | 6 | 86% | 0 | 0% | 1 | 14% | 0 | 0% |
| Brot, sem hafa í för með sér almannahættu | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 36 | 9 | 25% | 5 | 14% | 21 | 58% | 1 | 3% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 7 | 5 | 71% | 0 | 0% | 2 | 29% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 19 | 7 | 37% | 6 | 32% | 6 | 32% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 16 | 8 | 50% | 0 | 0% | 8 | 50% | 0 | 0% |

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Skattalög | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Tollalög | 2 | 1 | 50% | 1 | 50% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 33 | 29 | 88% | 0 | 0% | 4 | 12% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 10 | 8 | 80% | 0 | 0% | 2 | 20% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 128 | 103 | 80% | 2 | 2% | 23 | 18% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur 49. gr. umfl. | 55 | 44 | 80% | 0 | 0% | 11 | 20% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur 50. gr. umfl. | 97 | 58 | 60% | 1 | 1% | 38 | 39% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 33 | 22 | 67% | 2 | 6% | 9 | 27% | 0 | 0% |
| ALLS | 451 | 305 | 67,6 | 17 | 3,8 | 128 | 28,4 | 1 | 0,2 |

## Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ALMENN HEGNINGARLÖG** | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Brot á almannafriði og allsherjarreglu | 2 | 0 | 0% | 0 | 0% | 2 | 100% | 0 | 0% |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 39 | 38 | 97% | 0 | 0% | 1 | 3% | 0 | 0% |
| Brot, sem hafa í för með sér almannahættu | 38 | 33 | 87% | 0 | 0% | 5 | 13% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 2 | 0 | 0% | 0 | 0% | 2 | 100% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 66 | 52 | 79% | 2 | 3% | 11 | 17% | 1 | 2% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 26 | 22 | 85% | 0 | 0% | 4 | 15% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 69 | 29 | 42% | 27 | 39% | 13 | 19% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 54 | 40 | 74% | 1 | 2% | 13 | 24% | 0 | 0% |
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Tollalög | 3 | 2 | 67% | 0 | 0% | 1 | 33% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 88 | 77 | 88% | 0 | 0% | 11 | 13% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 13 | 8 | 62% | 0 | 0% | 5 | 38% | 0 | 0% |
| Lög um fiskveiðar | 4 | 0 | 0% | 0 | 0% | 4 | 100% | 0 | 0% |
| Lög um siglingar og útgerð | 1 | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 110 | 97 | 88% | 0 | 0% | 13 | 12% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur 49. gr. umfl. | 31 | 29 | 94% | 0 | 0% | 2 | 6% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur 50. gr. umfl. | 58 | 57 | 98% | 0 | 0% | 1 | 2% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur 2. mgr. 48. gr. umfl. | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 41 | 29 | 71% | 0 | 0% | 12 | 29% | 0 | 0% |
| ALLS | 648 | 515 | 79,5 | 31 | 4,8 | 101 | 15,6 | 1 | 0,2 |

## Héraðssaksóknari

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
